

# Super Magnetic Paint

## Segulmálning

### NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Snjallt er að mála yfir segulmálninguna með hvíttri eða glærri tússtöflumálningu. Sjá leiðbeiningar á síðu Sérefna.

Segulmálningin er einföld lausn handa þeim sem vilja breyta hvaða yfirborði sem er í hágæða segultöflusvæði. Mögulegt er að mála eða veggfóðra yfir segulmálninguna án þess að hún missi segulkraftinn og er því hægt að nota hana með kítartöflumálningunni eða tússtöflumálningunni frá Smarter Surfaces. Með segulmálningunni er hægt að endurhanna veggi heima eða á skrifstofunni sem svæði til að hjálpa við hugstormun, skipulagsvinnu, tímastjórnun, teymisvinnu, glósugerð og margt fleira.

Segulmálningin er umhverfisvænn kostur með háum gæðastuðli. Málningin er laus við leysiefni og isocyanates og með lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni) innihald miðað við önnur sambærileg efni.

- 10 ára ábyrgð
- Heldur uppi 5 A4 blöðum með Neodymium segli
- Auðveld í notkun með einföldum leiðbeiningum og myndbandi
- Umhverfisvæn, lágmarks VOC og leysiefnalaus
- Tilbúin til notkunar / yfirmálunar eftir 24 klst
- Hentar við atvinnuaðstæður
- Brunavottun

### Tæknilegar upplýsingar

Þekja / Magn / Þyngd – 6 m<sup>2</sup> / 2500 ml / 6 kg

Litur – Grár

Gljái – Matt

Þurrktími – 2 klst

Segulinnihald – 60% seguljárnsteinn

VOC – Undir 13 g/l

Lyktarlítill

Laus við isocyanates og leysiefni

Viðeigandi fletir – Veggir, gifs, steypa, viður, málmur, hurðir eða hvaða sléttir fletir sem er

## Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrífa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mikilvægt er að flöturinn sé sléttur
- Ef flöturinn er ómálaður skal grunna hann með vatnsþynnanlegum grunni, t.d. hvíta grunninum frá Smarter Surfaces (Smart White Primer)
- Slípið yfir flötinn til að ná honum sem sléttustum
- Hrærið vel í segulmálningunni áður en hún er borin á
- Notið pensil eða rúllu. Eftir um 2 klst. þegar fyrsta umferðin er þornuð skal pússa létt yfir flötinn með 1200p sandpappír
- Farið að minnsta kosti 3 umferðir í viðbót og slípið á milli umferða (samtals 4 umferðir)
- Hægt er að fara fleiri umferðir af segulmálningunni, segulstyrkurinn eykst við hverja umferð
- Mikilvægt er að segulmálningin sé alveg þurr þegar málað er yfir hana með hefðbundinni málningu eða tússtöflumálningu
- Snjallt er að renna yfir síðustu umferð með spaða til að ná henni enn sléttari
- Notið hágæða neodyminum segla á segultöfluna. Venjulegir ísskápaseglar duga ekki
- Til að fjölga notkunarmöguleikum má mála yfir með tússtöflumálningu eða líma tússtöfluveggfóður ofan á
- Leiðbeiningamyndband má finna hér <https://www.youtube.com/watch?v=0zU0B8yofkg>

